

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Bæjarbóls 2019 – 2022

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Bæjarbóls á við um starfsfólk, börn og forráðamenn leikskólans. Tilgangur hennar er að stuðla að markvissari og faglegru vinnu við að jafna stöðu kynjanna í samræmi við lög og reglugerðir og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun.

Áætlunin tekur mið af Jafnréttisstefnu Garðabæjar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Markmið þeirra laga er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla ásamt því að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Að auki er litið til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þar sem segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Í lögum um leikskóla nr. 90 frá 12. júní 2008, 2. grein kemur meðal annars fram að starfshættir í leikskóla skuli mótast af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildum.

Starfsfólk :

Í jafnréttisáætlun skal sérstaklega kveða á um markmið og áætlanagerð varðandi réttindi sem tilgreind eru í 19.–22. gr. laga um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

19. grein – Launajafnrétti:

Markmið : Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg störf.

Jafnlaunavottun til staðar innan bæjarfélagsins.

Aðgerð: Laun eru greidd í samræmi við kjarasamninga. Gætt er jafnræðis við greiðslu yfirvinnutíma þar sem allir starfsmenn fá greitt fyrir unna yfirvinnu.

Unnið er að jafnlaunavottun fyrir bæjarfélagið Garðabæ og stofnanir. Starfsgreiningar munu standa á bak við öll störf í bæjarélaginu og á stofnuninni.

Ábyrgð: Leikskólastjóri í samstarfi við launafulltrúa. Leikskólastjóri yfirfer launalista og samþykkir fyrir hver mánaðarmót.

20. grein - Laus störf, auglýsingar og ráðningar:

Markmið : Gæta skal jafnræðis þegar störf innan leikskólans eru auglýst og þau ekki kynbundin. Jafnréttis er gætt við stöðuveitingar en leitast er við að fjölga karlmönnum í störfum innan leikskólans þar sem þeir eru afar fáir.

Aðgerð: Jafnræðis er gætt í auglýsingum og samræmi í texta um auglýstar stöður hjá Garðabæ. Ef sérstaklega hallar á annað kynið á starfssviði, þá er það kyn sem hallar á sérstaklega hvatt til að sækja um viðkomandi starf.

Ábyrgð: Leikskólastjóri í samstarfi við mannauðsstjóra Garðabæjar.

20. grein - Starfsþjálfun, sí- og endurmenntun:

Markmið: Allir starfsmenn eiga þess kost að þróast í starfi og stendur til boða sí – og endurmenntun án tillits til kyns.

Gætt er jafnræðis við móttöku á nýju starfsfólki og þjálfun þess.

Aðgerð: Árleg starfsmannasamtöl þar sem starfsmenn geta rætt þörf fyrir endurmenntun og starfsþróun. Starfsfólki gefinn kostur á að sækja námskeið, símenntun og fræðslu til að auka hæfni sína í starfi og gefið svigrúm til þess.

Starfsmenn upplýstir um að þeir geti leitað til stéttarfélaganna varðandi styrk til endurmenntunar.

Gátlistar nýttir með atriðum sem farið er yfir með nýju starfsfólki og starfsmannahandbók aðgengileg á hverri deild.

Ábyrgð : leikskólastjóri ásamt stjórnendateymi leikskólans

21. grein – Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs :

Markmið : Leitast er við að koma til móts við þarfir starfsmanna til að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf óháð kyni.

Aðgerð: Jafnréttis er gætt hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsfólks í öllu starfi innan leikskólans.

Starfsmenn sem eiga börn vita að þeir geti nýtt sér þann rétt sem þeir eiga varðandi leyfi frá störfum vegna veikinda og fæðingarorlofa og eru hvattir til að deila ábyrgð á börnum sínum ef við á.

Starfsfólk getur óskað eftir sveigjanleika í starfi, mismunandi vinnutíma og leitast er við að koma til móts við óskir. Starfsfólk fær leyfi til að samræma starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu eins og kostur er og í samráði við stjórnendur leikskólans.

22. grein –Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni:

Markmið : Áreitni, ofbeldi og einelti er ekki liðið og leitast við að koma í veg fyrir slíkt með öllum ráðum. Allt starfsfólk á að upplifa sig öruggt í starfi og njóta virðingar.

Viðbragsáætlun aðgengileg og vinnuferlar skýrir ef slík mál koma upp.

Aðgerð: Starfsmenn upplýstir um viðbragsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis sem er aðgengileg inn á innri vef Garðabæjar.

Starfsmenn eru meðvitaðir um sáttmála leikskólans varðandi samskipti. Sáttmálinn byggir á gleði og ánægju, samvinnu og jákvæðni, virðingu og heiðarleika og umhyggju og nærgætni.

Börn :

Í jafnréttisáætlun ber menntastofnunum, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla 22. og 23. gr. laga um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gagnvart nemendum. Annars vegar varðandi kynbundið ofbeldi og hins vegar varðandi menntastarf.

22. grein –Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Markmið: Hvers kyns vísbendingar um ofbeldi og eða kynferðislega áreitni er litin alvarlegum augum og unnið að forvarnarverkefnum í tengslum við þema og vináttu.

Aðgerð: í leikskólanum eru til verklagsreglur um velferð og vellíðan barna og unnið eftir þeim ferlum sem þar koma fram ef grunur um ofbeldi gagnvart börnum er til staðar. Farið yfir ferlana árlega og þeir aðgengilegir öllu starfsfólki. <https://www.menntaklif.is/wp-content/uploads/2019/09/Verklag-íslensk-útgáfa-uppfært.pdf>

Unnið með vináttuverkefnið frá Barnaheill á öllum deildum þar sem leitast er við að uppræta staðalímyndir og vinna að forvörnum gegn hvers kyns einelti með áherslu á gildin umburðarlyndi, umhyggju, virðingu og hugrekki. Einnig er ávallt unnið með ég sjálfur í þema og börnum kennt að setja mörk.

Ábyrgð: leikskólastjóri í samstarfi við stjórnendateymi leikskólans.

23. grein – menntun og skólastarf

Allt starf heilsuleikskólans Bæjarbóls skal vera í anda jafnréttis. Einkunnarorð leikskólans eru: Leikgleði – agi - lífsleikni. Kennsla í gegnum leik skal ávallt vera í anda jafnréttis og samkvæmt sameiginlegri sýn starfsmanna sem mótuð er í skólanámskrá leikskólans, vinnulýsingum og stefnum.

Fræðsla:

Markmið: skv. aðalnámskrá leikskóla er eitt af markmiðum jafnréttismenntunar að skapa tækifæri fyrir alla að þroskast á eigin forsendum. Þannig eru allir þátttakendur í að skapa samfélag réttlætis og jafnréttis þar sem kynin hafi jafna möguleika til þátttöku í samfélaginu. Í leikskólanum er unnið markvisst gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.

Aðgerð: Starfsfólk sér um að fræða börnin um jafnrétti. Vinnubrögð eru lýðræðisleg og skapaðar aðstæður í leikskólanum sem efla samvinnu, samstarf og umburðarlyndi. Starfsfólk eru góðar fyrirmyndir og opið fyrir að ræða fjölbreytileika mannlífsins meðal annars mismunandi störf og mismunandi fjölskyldumynstur. Unnið með vináttuverkefni barnaheilla, lífsleikni og ég sjálfur í þemastarfi þar sem börnin læra til dæmis að setja mörk. Unnið með jafnrétti og lýðræði skv. skólanámskrá og í stefnumótunarvinnu.

Námsgögn:

Markmið: Leikefni, kennslugögn og viðfangsefni höfða til flestra barna og leitast er við að útrýma staðalímyndunum í leik með aðgangi að opnum efnivið og skapandi leikefni. Leitast er við að allir fái að njóta sín í skipulagi leikskólastarfsins. Námsgögn eru yfirfarin með kynjagleraugu á nefinu þannig að það sem er úrelt eða á ekki við lengur er gagnrýnt og endurskoðað. Fjölbreytt námsefni er nýtt til umræðu um fjölbreytileikann t.d. vináttuverkefnið, bækur, spil, dúkkur, bílar og matardót.

Aðgerð: Börnin eru hvött til að leika sér með allt leikefni leikskólans og leitast er við að útrýma staðalímyndum varðandi leikföng, liti og útlit. Starfsfólk rýnir í leikrými og leikföng með það í huga að stuðla að þátttöku allra barna án tillits til kyns. Starfsfólkið nýtir tækifæri sem upp koma í starfinu til að fræða og ræða við börnin í samverustundum, sögustundum og leik. Í leikskólanum er ekkert sem heitir stráka – eða stelpudót.

Foreldrar:

Foreldrasamstarf er mikilvægt í leikskólanum og jafnréttissjónarmið einkenna samstarfið við foreldra.

Í starfinu er lögð áhersla á að hafa samskipti við báða foreldra barns þegar um sameiginlegt forræði er að ræða og báðir foreldrar hvattir til þátttöku í skólastarfinu. Báðir aðilar eru hvattir til að koma í foreldrasamtöl og taka þátt í starfi foreldrafélags og/eða –ráðs.

Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun Jafnréttisáætlunar:

Markmið með jafnréttisáætlun er að setja ramma utan um það að jafnréttis sé gætt í öllu starfi. Hún stuðlar að því að komið sé fram við börn, foreldra og starfsfólk af virðingu og lagst gegn hverskonar misrétti, þar sem tekið er tillit til þarfa allra. Leikskólaumhverfið á að vera fordómalaust og starfið þar í anda jafnréttis og umburðarlyndis.

Jafnréttisáætlun þessi skal vera öllum aðgengileg á heimasíðu leikskólans og í starfsmannahandbók.

Við móttöku nýs starfsfólks skal áætlunin kynnt.

Endurmat og umræður á áætluninni skulu fara fram árlega á starfsmannafundi.

Jafnréttisáætlun Bæjarbóls tekur mið af eftirfarandi heimildum og stefnum :

Aðalnámskrá leikskóla 2011

Jafnréttisstefnu Garðabæjar 2011 – 2014 sjá www.gardabaer.is

Jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlags nr. 97/1995 .

Lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2008.

Um gerð jafnréttisáætlana útg. Jafnréttisstofa 2007 sjá heimasíðu jafnréttisstofu; www.jafnrétti.is .

Garðabæ 15. september 2019
Anna Bjarnadóttir
Leikskólastjóri Bæjarbóls